

Fundargerð

3. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 28. nóv. 2003 kl. 11 – 14.30

Mættir aðalmenn:

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkharð Brynjólfsson, Guðni Guðbergsson, Jón Viðar Jónmundsson, Ævar Petersen.

Mættir varamenn:

Þröstur Eysteinnsson

Fjarverandi: Aðalsteinn Sigurgeirsson, aðalmaður;

Ágúst Sigurðsson, Þorsteinn Tómasson, Magnús B. Jónsson, Magnús Jóhannsson, Hólmgeir Björnsson, Sigurður H. Magnússon, varamenn.

1. Samþykkt dagskrár

Formaður kynnti dagskrá sem send hafði verið út og bað Emmu að rita fundargerð. Formaður boðaði kynningu á starfi nefndar um endurskoðun laga varðandi innflutning búfjár undir liðnum: Önnur mál.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir framvindu mála og lagði fram afrit af umsögn erfðanefndar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, sem skilað var til Alþingis 31. okt. 2003. Fram kom að löggin voru samþykkt og tekið var tillit til athugasemdar erfðanefndar varðandi umsagnarskyldu nefndarinnar um innflutning dýra. Formaður greindi einnig frá greiðslum úr sjóði nefndarinnar, annars vegar vegna stofnverndarstyrkja til geitfjáreigenda (1200 þús) og hins vegar 80 % af veittum styrk til Jóhönnu Þorvaldsdóttur vegna þróunarverkefnis um framleiðslu geitamjólkur. Vinna er ekki hafin við almennar vinnureglur um styrki frá nefndinni.

4. Vinna við reglugerð um verkefni erfðanefndar landbúnaðarins

Vinnuhópur innan nefndarinnar sem ákveðinn var á síðasta fundi hefur unnið að málinu og formaður hefur átt fund með Atla Má Ingólfssyni lögfræðingi í landbúnaðarráðuneytinu. Nokkrar umræður urðu um einstakar greinar í reglugerðardrögunum og málinu síðan vísað aftur til starfshópsins.

5. Umsókn um styrk frá Eigenda- og ræktendafélagi landnámsþensna.

Borist hefur umsókn frá Jóhönnu Harðardóttur, þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 275 þús., fyrir hönd félagsins.

Bókun:

Samþykkt var að veita umbeðinn styrk sem stuðning við að koma starfsemi félagsins á legg. Jafnframt komi skýrt fram að ekki verði um reglulegan stuðning að ræða.

6. Málstofa um erfðaauðlindir í landbúnaði.

Undirbúningsnefnd fyrir málstofuna hefur undirbúið drög að dagskrá málstofu sem haldin verði 19. mars 2004. Jafnframt er lagt til að málstofan verði tileinkuð Dr. Stefáni Aðalsteinssyni og störfum hans á þessu sviði.

Bókun:

Tillaga undirbúningsnefndar var samþykkt með nokkrum breytingum á dagskránni og undirbúningsnefnd falið að vinna áfram að málinu.

7. Útgáfa á kynningarbæklingi um íslensk búfjáarkyn

Málið er tekið upp frá síðasta fundi þar sem ákveðið var að stefna að útgáfu bæklingis í samstarfi við upplýsingahóp Norræna genbankans fyrir búfé. Formaður hefur farið þess á leit við Ólaf R. Dýrmundsson að hann hafi forgöngu um útgáfuna í samvinnu við Emmu Eypórsdóttur f.h. erfðanefndar.

Bókun:

Samþykkt var að erfðanefnd landbúnaðarins setji kr. 500 þús. í útgáfu kynninga bæklingis. Ólafi R. Dýrmundssyni er jafnframt falið að vinna að útgáfuáætlun fyrir bæklinginn.

8. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun 2004

Formaður lagði fram tillögu að áætlun fyrir 2004.

Bókun:

Tillaga að framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir 2004 samþykkt með fáeinum breytingum. Áætlað er að verja kr. 4.000 þús. til verkefna á vegum nefndarinnar á árinu.

9. Alþjóðlegt samstarf

Nefndarmenn skýrðu frá þátttöku sinni í norrænu og alþjóðlegu samstarfi varðandi erfðaauðlindir í landbúnaði.

- Áslaug Helgadóttir skýrði frá starfi Þorteins Tómassonar í „Nordisk Genressursråd“ (NGR)
- Emma Eypórsdóttir sagði frá fundi á vegum NGH um skýrslur Norðurlandanna til FAO um erfðaauðlindir í búfé og áformum um stutta sameiginlega norræna skýrslu um sama efni.
- Þröstur Eysteinnsson skýrði frá þátttöku Íslendinga í EUFORGEN, sem er Evrópusamstarf um erfðaauðlindir í skógrækt.
- Guðni Guðbergsson skýrði frá verkefninu SalGen sem fjallar um erfðafræði laxa í N. Atlantshafi.

10. Önnur mál

Endurskoðun laga um innflutning dýra

Formaður greindi frá starfi nefndar um þetta mál. Hugmyndir eru um að setja kafla inn í reglugerð um starfsemi erfðanefndar landbúnaðarins, þar sem kveðið verði á um vinnureglur varðandi umsóknir um innflutning búfjár og afgreiðslu þeirra.

11. Næsti fundur

Stefnt að því að næsti fundur verði haldinn 14. maí 2004.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.